

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 7. október 2022

Mál nr. E-1183/2021:

**Jakobsen Fisk AS**

(*Jónatan Hróbjartsson lögmaður*)

**gegn**

**Aflhlutum ehf.**

(*Sigrún Ísleifsdóttir lögmaður*)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 25. ágúst 2022, var höfðað 7. maí 2021 af Jakobsen Fisk AS, [...], gegn Aflhlutum ehf., [...].

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða honum 1.992.552 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 26. febrúar 2019 til 14. október 2020 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi krafðist í upphafi aðallega frávísunar málsins frá dómi. Með úrskurði dómsins hinn 29. september 2021 var fallist á þá kröfu. Með úrskurði Landsréttar hinn 16. nóvember 2021 var framangreindur úrskurður dómsins felldur úr gildi og lagt fyrir dóminn að taka málið til efnismeðferðar.

I.

### *Helstu málsatvik*

Tildrög þessa máls eru þau að árið 2018 gerði stefnandi, sem er norskt fyrirtæki, samning við Skipavík ehf. um kaup á bát sem Skipavík ehf. skyldi smíða. Hluta af þeim búnaði sem nota skyldi í bátinn keypti Skipavík ehf. af stefnda haustið 2018. Á meðal þess búnaðar var ljósavél af gerðinni NAGK 1105 MM1MC Nanni QMS7 sem var bætt

við að ósk stefnanda á lokastigum smíðavinnunnar. Aðdragandi kaupa Skipavíkur ehf. á þeirri ljósavél var samkvæmt framlögðum tölvubréfasamskiptum sá að framkvæmdastjóri Skipavíkur ehf. hafði samband við stefnda og óskaði eftir tilboði í ljósavél. Hinn 14. desember 2018 sendi starfsmaður stefnda Skipavík ehf. tilboð í slíka vél af gerðinni Whisper Power M-SC 10 Marine og hinn 18. sama mánaðar tilboð í slíka vél af gerðinni Nanni QMS7.5M. Í tölvubréfi sem fylgdi síðastgreindu tilboði kom fram að umrædd vél væri til á lager hjá birgja í Hollandi. Það tilboð var samþykkt og gaf stefndi út reikning til Skipavíkur ehf. að fjárhæð 1.360.450 krónur auk virðisaukaskatts hinn 21. febrúar 2019 sem Skipavík ehf. greiddi. Ágreiningslaust er að umrædd ljósavél var sett í bátinn og gangsett þar í fyrsta sinn hinn 29. apríl 2019 af öðrum fyrirsvarsmanni stefnda og að ábyrgð stefnda sem seljanda vélarinnar gilti í 12 mánuði frá þeim degi. Skipavík ehf. afhenti svo stefnanda bátinn hinn 6. júní sama ár.

Með tölvubréfi, dagsettu 5. mars 2020, upplýsti stefnandi stefnda um að ljósavélin hefði stöðvast daginn áður og að ekki hefði reynst unnt að gangsetja hana á ný. Í framhaldi af því hafði stefnandi samband við Nogva Motorfabrikk AS, umboðs- og þjónustuaðila Nanni véla í Noregi, og óskaði eftir aðkomu fyrirtækisins að málinu. Af gögnum málsins má ráða að Nogva Motorfabrikk AS er ekki með verkstæði í grennd við starfsstöð stefnanda og því hafi ótengdum aðila, A vélvirkja, verið falið að bilanagreina vélinu og eftir atvikum gera við bilunina. Í málinu liggur frammi tölvubréf frá umræddum A til stefnda, dagsett 13. mars 2020. Í því kemur fram að fyrirsvarsmannur stefnanda hafi upphaflega beðið hann að skoða umrædda ljósavél þegar hún hafi bilað í næstliðinni viku. Sú skoðun hafi leitt í ljós að díselolía fór inn á olúverk vélarinnar en ekki aftur út. Hann hafi upplýst fyrirsvarsmann stefnanda um að hann gæti ekki aðhafast frekar nema að fengnu leyfi seljanda vélarinnar. Fyrirsvarsmannur stefnanda hafi svo haft samband við hann á ný og upplýst að umboðs- og þjónustuaðili Nanni véla í Noregi hefði fengið samþykki stefnda til að gera við vélinu sem síðan hafi verið staðfest símleiðis af starfsmanni Nogva Motorfabrikk AS. Hans niðurstaða hafi verið sú að gormur sem dragi ádreparaarm inn í olúverk vélarinnar væri of slakur og næði ekki að draga arminn. Því fengi vélin ekki olú. Enn fremur liggja frammi tölvubréfasamskipti milli stefnda og NPS Diesel í Hollandi, sem stefndi keypti umrædda vél af, dagsett 13.-17. mars 2020, þar sem stefndi óskaði eftir nýjum gormi í olúverk vélarinnar og NPS Diesel staðfesti að tveir slíkir hefðu verið pantaðir hjá framleiðanda vélarinnar.

Af gögnum málsins má ráða að í framhaldi af framangreindum samskiptum hafi vaknað grunur um að frekari bilanagreiningar væri þörf. Með tölvubréfi, dagsettu 24. apríl 2020, óskaði stefndi eftir því við áðurgreindan A að hann sendi olíuverk vélarinnar til stefnda á Íslandi með hraðpósti til frekari greiningar og eftir atvikum viðgerðar. Enn fremur liggur frammi tölvubréf frá stefnda til A, dagsett 12. maí 2020, þar sem óskað var eftir því að hann upplýsti hvort olíuverkið væri farið af stað með hraðpósti. Þá liggur frammi tölvubréf frá A til stefnda, dagsett sama dag, sem með fylgdu myndir og að því er virðist myndskleið af olíuverki vélarinnar, sem og tölvubréf frá stefnda til NPS Diesel, einnig dagsett sama dag, þar sem áðurgreint tölvubréf A var framsent. Í umræddu tölvubréfi stefnda til NPS Diesel kemur fram að því fylgi myndskleið af olíuverki vélarinnar sem sýni að dæla í verkinu sé föst auk þess sem óskað var eftir því að NPS Diesel útvegaði nýja dælu hið fyrsta. Loks liggur frammi tölvubréf frá stefnanda til stefnda, einnig dagsett sama dag, þar sem fram kemur að stefnandi hafi tekið ákvörðun um að senda olíuverkið með hraðpósti á verkstæði Nogva Motorfabrikk AS til frekari bilanagreiningar og viðgerðar. Ágreiningslaust er að stefnandi hafði ekki samráð við stefnda um þá ráðstöfun.

Á verkstæði Nogva Motorfabrikk AS var samkvæmt tölvubréfi frá Nogva Motorfabrikk AS til NPS Diesel, dagsettu 16. febrúar 2021, skipt um gorm í ádreparaarmi olíuverks vélarinnar og það síðan sent aftur til stefnanda. Í tengslum við þá viðgerð var skráningarnúmeri vélarinnar flett upp og kom þá í ljós að vélin var framleidd árið 2011. Með tölvubréfi, dagsettu 2. júlí 2020, upplýsti stefnandi stefnda um að vélin gengi „mjög skringilega“ þrátt fyrir áðurgreinda viðgerð, næði ekki upp snúningi og reykti mikið. Af framlögðum tölvubréfasamskiptum má ráða að stefndi hafi í framhaldi af því haft samband við Nogva Motorfabrikk AS og óskað eftir skýrslu um framangreinda viðgerð. Slík skýrsla hafi hins vegar ekki borist stefnda.

Með bréfi til stefnda, dagsettu 14. september 2020, lýsti stefnandi því að samkvæmt upplýsingum frá Nogva Motorfabrikk AS mætti annaðhvort rekja áðurgreinda bilun í olíuverki vélarinnar til framleiðslugalla eða aldurs vélarinnar. Þá var því lýst að stefnandi teldi þá staðreynd að vélin hefði verið átta ára gömul þegar hún var seld stefnanda vera brot á kaupsamningi um vélina enda hefði stefnandi ekki verið upplýstur um aldur hennar og hann staðið í þeirri trú að um nýja vél væri að ræða. Hið sama ætti við um þá staðreynd að stefnanda hefði ekki verið afhent ábyrgðarskírteini við fyrstu gangsetningu vélarinnar. Loks var farið fram á að stefndi annaðhvort endurgreiddi

stefnanda kaupverð vélarinnar eða afhenti stefnanda nýja vél. Stefndi svaraði bréfi stefnanda með tölvubréfi, dagsettu næsta dag, og upplýsti að enn væri beðið eftir skýrslu frá Nogva Motorfabrikk AS, um orsök áðurgreindrar bilunar og þá viðgerð sem framkvæmd hefði verið á verkstæði fyrirtækisins, en án upplýsinga þar að lútandi væri ekki hægt að taka ákvörðun um næstu skref. Af framlögðum tölvubréfasamskiptum má svo ráða að bæði stefndi og NPS Diesel sem og Nogva Motorfabrikk AS hafi í framhaldi af framangreindu leitað eftir heimild stefnanda til að senda vélvirkja um borð í bátinn til frekari bilanagreiningar og eftir atvikum viðgerðar en stefnandi ekki orðið við þeim umleitunum.

Með bréfi til Skipavíkur ehf., dagsettu 10. febrúar 2021, lýsti stefnandi yfir riftun að hluta á samningi sínum við Skipavík ehf., nánar tiltekið á þeim hluta hans sem laut að umþrættri ljósavél. Í umræddu bréfi segir að með því sé ítrekuð yfirlýsing um riftun á samningnum að því er varði kaup á ljósavélinni vegna stórfellds galla á henni og gerð krafa um endurgreiðslu kaupverðsins auk vaxta sem og annars kostnaðar sem leiði af vanefndum Skipavíkur ehf. Þá kemur þar auk annars fram að samkvæmt skilalýsingu samningsins milli stefnanda og Skipavíkur ehf. og þeim stöðlum sem þar hafi verið vísað til hafi allar vélar og tæki í bátnum átt að vera ný. Þá kemur þar fram að stefnandi hafi hafnað boði stefnda um úrbætur þar sem ljóst sé að engar þær úrbætur verði gerðar á vélinni sem tryggi að hún öðlist sömu virkni og eiginleika og ný vél. Ágreiningslaust sé að vélin hafi bilað innan árs frá því að hún hafi verið gangsett í fyrsta sinn 29. apríl 2019 og að tilkynnt hafi verið um gallann innan ábyrgðartíma. Beri Skipavík ehf. af þeim sökum ábyrgð á hinni gölluðu vél sem seljandi hennar og stefnanda því rétt að beina kröfu sinni að því fyrirtæki. Stefnandi hafi verið knúinn til að kaupa nýja vél enda ekki hægt til lengdar að nota bátinn án varaafis. Loks er í bréfinu gerð krafa um að Skipavík ehf. endurgreiði stefnanda kaupverð vélarinnar ásamt vöxtum og útlögðum kostnaði samtals að fjárhæð 2.481.699 krónur. Skipavík ehf. sendi stefnda afrit af umræddu bréfi til upplýsingar.

Með bréfi til stefnda, dagsettu 17. mars 2021, gerði stefnandi svo kröfu um að stefndi greiddi honum skaðabætur vegna framangreindrar riftunar. Nánar tiltekið var í umræddu bréfi gerð krafa um að stefndi endurgreiddi stefnanda kaupverð vélarinnar ásamt vöxtum og útlögðum kostnaði samtals að fjárhæð 2.530.731 króna. Í því bréfi var vísað til þess að stefnandi hefði fengið framselda kröfu Skipavíkur ehf. á hendur stefnda vegna kaupa á umþrættri vél. Þá liggur frammi í málinu skjal, dagsett 4. mars 2021, sem

ber yfirskriftina yfirlýsing um framsal og er undirritað af framkvæmdastjóra Skipavíkur ehf. Í umræddri yfirlýsingu kemur fram að fyrir hönd Skipavíkur ehf. sé með henni framseld til stefnanda krafa á hendur stefnda vegna galla í ljósavél sem keypt hafi verið í bát af gerðinni Spútnik 11,99 og vísað í því sambandi til smíðasamnings sem undirritaður hafi verið 1. október 2018. Þá kemur fram að stefnandi hafi sjálfur séð um kaup á umræddri ljósavél og að þau hafi verið utan við áðurgreindan smíðasamning. Kaupinn hafi því frá upphafi verið Skipavík ehf. óviðkomandi og að öllu leyti á ábyrgð stefnanda.

Ekki liggja frammi frekari samskipti milli málsaðila. Stefnandi höfðaði svo mál þetta sem fyrr greinir 7. maí 2021.

## II.

### *Helstu málsástæður stefnanda*

Stefnandi byggir á því að ljósavél sú sem stefnandi keypti af stefnda hafi verið haldin verulegum göllum sem leitt hafi í ljós að vélin hefði hvorki þá eiginleika sem leiða hafi mátt af samningi aðila né því sem stefnandi hafi mátt vænta af vélinni og notkun hennar. Hafi umrædd ljósavél því verið haldin göllum í skilningi laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. tilvitnaðra laga skuli söluhlutur, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiði af samningi. Þá segi í b-lið 2. mgr. 17. gr. að ef annað leiði ekki af samningi skuli söluhlutur henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn hafi vitað eða mátt vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess. Í 3. mgr. 17. gr. segi svo loks að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr. 17. gr. Ljósavél sú sem stefnandi hafi keypt af stefnda hafi verið í notkun í um 200 tíma áður en hún hafi bilað og hún verið ónothæf frá því í mars 2020 þar til í janúar 2021 er stefnandi hafi ákveðið að kaupa nýja ljósavél. Bilun vélarinnar hafi stafað af biluðum gormi í olíuverki vélarinnar sem rekja hafi mátt til aldurs hennar. Ljóst sé að vélin hafi ekki fullnægt þeim kröfum sem komi fram í 1. og 2. mgr. áðurgreindrar 17. gr. um gæði og eiginleika söluhlutar og teljist vélin því gölluð.

Stefnandi byggir einnig á því að vélin sé gölluð í skilningi 1. mgr. 18. gr. laga nr. 50/2000 sem kveði á um að söluhlutur teljist jafnframt gallaður ef hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetninguna eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og megi ætla að hafi haft áhrif á kaupin. Stefnandi

hafi gert öllum tilboðsgjöfum það fyllilega ljóst að hann væri að leita að nýrri ljósavél fyrir nýsmíði sína og að það væri forsenda fyrir kaupunum. Tilboð stefnda til stefnanda staðfesti að hann hafi verið að selja nýja ljósavél auk þess sem starfsmaður stefnda hafi staðfest í samtölum við stefnanda að um væri að ræða nýja ljósavél. Hafi stefndi því gefið stefnanda rangar upplýsingar um ljósavélina, um ástand hennar og gæði. Því sé ljóst að ljósavélin sé einnig gölluð í skilningi 1. mgr. 18. gr. umræddra laga.

Ljósavélin hafi verið gangsett í fyrsta sinn 26. apríl 2019 og einungis verið keyrð í um 200 tíma þegar hún hafi bilað í mars 2020. Stefnda hafi verið tilkynnt um bilunina án ástæðulauss dráttar, eða með tölvubréfum, dagsettum 4. og 5. mars 2020, án viðbragða af hálfu stefnda. Því sé ljóst að stefnandi hafi uppfyllt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 32. gr. laga nr. 50/2000.

Stefnandi byggir kröfu sína um endurgreiðslu á kaupverði ljósavélarinnar og skaðabætur úr hendi stefnda á 30. gr. laga nr. 50/2000 sem heimili kaupanda hlutar, sem reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem varði kaupanda, að beita vanefndaúrræðum 31.-40. gr. umræddra laga. Í niðurlagi 1. mgr. 30. gr. segi jafnframt að réttur kaupanda til skaðabóta falli ekki niður þótt hann geri aðrar kröfur eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram. Stefnandi byggir rétt sinn til riftunar á 39. gr. laganna sem heimili kaupanda að rifta kaupum ef meta má galla til verulegra vanefnda. Stefnandi byggir á því að gömul vél sem ranglega sé seld sem ný vél teljist til verulegrar vanefndar af hálfu stefnda sem heimili stefnanda að rifta kaupunum og krefjast endurgreiðslu á kaupverði vélarinnar. Stefnandi hafi ítrekað krafist stefnda um afhendingu nýrrar vélar svo að kaupsamningurinn um ljósavélina geti verið efndur samkvæmt efni sínu en því hafi ávallt verið hafnað af hálfu stefnda. Hafi stefnandi því beitt vægari vanefndaúrræðum í samskiptum við stefnda án viðhlítandi árangurs.

Stefnandi byggir rétt sinn til skaðabóta á 67. gr. laga nr. 50/2000 þar sem kveðið sé á um að skaðabætur vegna vanefnda af hálfu annars samningsaðila skuli svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíði vegna vanefndanna. Stefnandi hafi þurft að leggja út fyrir kostnaði að fjárhæð 42.084 norskar krónur, sem miðað við sölugengi norskrar krónu þann 27. apríl 2021 samsvari 632.102 krónum, í tengslum við að fjarlægja umþrætta vél og koma nýrri ljósavél fyrir í nýsmíðinni. Stefnandi byggir á því að hann skuli vera eins settur fjárhagslega og ef stefndi hefði efnt samninginn réttilega samkvæmt efni sínu.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar einnig á 30. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Stefnandi byggir á því að hann hafi verið beittur svikum þegar honum hafi verið seld vél sem samkvæmt upplýsingum frá stefnda hafi verið ný en síðar komið í ljós að hafi verið átta ára gömul þegar kaupsamningurinn var gerður. Stefnandi byggir á því að samningurinn sé óskuldbindandi þar sem stefndi hafi vitað eða mátt vita að vélin væri átta ára gömul þegar hún hafi verið seld og hann vísvitandi leynt þeim upplýsingum fyrir stefnanda. Stefndi hafi vitað að forsenda stefnanda fyrir kaupum á ljósavélinni væri sú að um nýja ljósavél væri að ræða og stefndi hagnýtt sér það til þess að ganga til samninga við stefnanda. Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skuldbindi löggerningur ekki þann sem undir hann skrifar ef viðkomandi hefur verið fenginn til þess með svikum og sá maður sem við löggerningnum tekur hefur sjálfur beitt svikunum.

Í samræmi við allt framangreint nemi stefnufjárhæðin kaupverði ljósavélarinnar að fjárhæð 1.360.450 krónur auk útlagðs kostnaðar stefnanda við að fjarlægja hina gölluðu ljósavél og koma nýrri ljósavél fyrir að fjárhæð 42.084 norskar krónur sem líkt og áður greini jafngildi 632.102 krónum miðað við sölugengni norskrar krónu þann 27. apríl 2021. Um vaxtakröfu stefnanda vísist til 8. og 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Skaðabótavaxta sé krafist frá 26. febrúar 2019 til 14. október 2020 en þá hafi verið liðinn mánuður frá því að stefnandi hafi sent stefnda kröfubréf. Frá þeim tíma sé krafist dráttarvaxta.

Um lagarök vísar stefnandi auk framangreinds til almennra reglna samninga- og kröfuréttar. Þá vísar stefnandi til 1. mgr. 129. gr. og 1. og 3. gr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. einnig 2. mgr. 131. gr. sömu laga kröfu sinni um málskostnað til stuðnings.

### III.

#### *Helstu málsástæður stefnda*

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi á því byggð að stefnandi eigi enga kröfu á hendur stefnda, enda hafi aldrei verið neitt samningssamband þeirra á milli. Viðsemjandi stefnda um kaup á ljósavélinni hafi verið Skipavík ehf., eins og öll samskipti við samningsgerðina, tilboð og sölureikningur beri með sér. Skipavík ehf. hafi greitt stefnda kaupverð vélarinnar og vélin hafi verið afhent á starfsstöð Skipavíkur ehf. í Stykkishólmi. Ekkert sé upplýst í málinu um það hvort, hvernig eða hvenær stefnandi hafi greitt Skipavík ehf. fyrir vélinu, enda hafi samningssamband stefnanda og

Skipavíkur ehf. verið stefnda með öllu óviðkomandi. Það leiki enginn vafi á því að stefnandi sé meðvitaður um að samningssamband hans hafi verið við Skipavík ehf., enda hafi stefnandi þann 10. febrúar 2021 beint riftunaryfirlýsingu að því félagi og lýst þar yfir riftun að hluta á smíðasamningi, að því er varði kaup á umræddri ljósavél. Fullyrðing í framlagðri yfirlýsingu um framsal kröfu þess efnis að kaupin á vélinni hafi frá upphafi verið Skipavík ehf. óviðkomandi og að öllu leyti á ábyrgð framsalshafa sé því bersýnilega röng og sett fram gegn betri vitund.

Þá hafni stefndi því að stefnandi geti byggt dómkröfu sína á framangreindri yfirlýsingu Skipavíkur ehf. um framsal kröfu, dagsettri 4. mars 2021. Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar geti framsalshafi einungis öðlast þann rétt, sem framseljandi átti. Framsalshafi geti ekki byggt á framsali meiri rétt eða betri en þann, sem framseljandi átti gagnvart sínum viðsemjanda eða skuldara. Þá geti framsalshafi ekki byggt á framsali víðtækari eða meiri réttindi en þau sem framseld séu. Í framsalsyfirlýsingunni sé tekið fram að framseld sé „[krafa] á hendur Aflhlutum ehf. vegna galla í ljósavél sem keypt [hafi verið] í bát af gerðinni Spútnik 11,99.“ Framsalið hafi þannig ekki tekið til þess að framsalshafi eignaðist eða gengi inn í réttindi samkvæmt kaupsamningi Skipavíkur ehf. og stefnda, heldur hafi stefnandi aðeins eignast kröfu framseljanda á hendur stefnda vegna meintra vanefnda á samningi þeirra. Skipavík ehf. hafi hins vegar aldrei beint neinni kröfu að stefnanda vegna þessa, ekki lýst yfir riftun kaupanna, krafist afsláttar, bóta eða neytt neinna annarra vanefndaúrræða sem ætla megi að tækt hefði verið að beita vegna hinna meintu vanefnda. Það sé því engri kröfu til að dreifa, sem Skipavík ehf. geti hafa framselt, nema þá um úrbætur samkvæmt 34. og 36. gr. laga nr. 50/2000, sem stefndi hafi ítrekað boðið fram. Stefndi hafni því með öllu að með framangreindri yfirlýsingu Skipavíkur ehf. hafi stefnanda verið framseld heimild til að beita öðrum vanefndaúrræðum eða setja fram aðrar kröfur en framsalsveitandi hafði þegar gert.

Stefndi byggi enn fremur á því að jafnvel þótt fallist yrði á að stefnanda væri á grundvelli framsals heimilt að beita vanefndaúrræðum sem framseljandi hafði ekki nýtt sér, þá hafi stefnandi aldrei lýst yfir eða krafist riftunar á grundvelli framsalsins. Stefndi hafni því að bréf stefnanda frá 14. september 2020 verði túlkað sem riftunaryfirlýsing, en þess utan hafi það bréf verið sent löngu áður en ætluð krafa Skipavíkur ehf. hafi verið framseld stefnanda. Eftir framsal kröfunnar hafi stefnandi sent stefnda bréf þar sem

krafist hafi verið skaðabóta í kjölfar riftunar. Í því bréfi sé aðeins vísað til fyrri samskipta án þess að það feli í sér sjálfstæða yfirlýsingu eða kröfu um riftun.

Með vísan til framangreinds krefjist stefndi sýknu á þeim grundvelli að stefnandi eigi enga kröfu á hendur honum, enda sé ekkert samningssamband þeirra á milli, né heldur hafi Skipavík ehf. átt nokkra kröfu á hendur stefnda þannig að réttur verði byggður á framsalsyfirlýsingu. Kröfum stefnanda sé því beint að röngum aðila og beri því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda vegna aðildarskorts.

Stefndi byggir í öðru lagi sýknukröfu sína á því að ósannað sé að ljósavélin eða einstakir hlutar hennar séu haldnir galla í skilningi 17. eða 18. gr. laga nr. 50/2000. Þá sé á því byggt að stefndi hafi, að því leyti sem hugsanlegir gallar eða bilun hafi komið í ljós, fullnægt öllum skyldum sem á honum hvíli samkvæmt lögum nr. 50/2000 og almennum reglum kauparéttar með því að bjóða ítrekað fram úrbætur, sem stefnandi hafi hafnað. Stefndi byggir á því að vélin sem um ræði hafi á allan hátt fullnægt þeim kröfum sem leitt hafi af samningi hans og Skipavíkur ehf. um kaup á vélinni. Jafnframt hafi hún verið í samræmi við þær almennu kröfur sem gera megir til eiginleika söluhluta, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 50/2000. Þá hafni stefndi því alfarið að hann hafi við tilboðsgerð eða sölu gefið rangar upplýsingar um vélina eða eiginleika hennar, sbr. 1. mgr. 18. gr.

Stefndi hafi gert Skipavík ehf. tilboð í tvær ljósavélar, annars vegar vél af gerðinni Whisper Power þann 14. desember 2018 og hins vegar vél af gerðinni Nanni þann 18. sama mánaðar. Í tölvubréfi sem tilboð í Nanni vélina hafi fylgt hafi eftirfarandi komið fram: „Hér er tilboð í 7.5kW Nanni ljósavél[.] Ljósavélin 1500rpm og er í hljóðeinangruðum kassa og er 1\*230V[.] Vélin er til á lager í Hollandi.“ Í tilboðinu sjálfu hafi sömu upplýsingar verið tilgreindar, en bætt við upplýsingum um þyngd vélarinnar, að hún væri 50hZ og með 12V rafkerfi, auk þess sem fram hafi komið að hún gæti verið komin til landsins í byrjun janúar. Þá hafi fylgt póstinum skjal með tæknilegum upplýsingum um vélina. Þann 20. desember 2018 hafi starfsmaður stefnda sent Skipavík ehf. annað tölvubréf með fylgiskjöllum varðandi tæknilegar upplýsingar um báðar þær vélar sem boðnar höfðu verið og degi síðar skjal með nákvæmri málsetningu af Nanni vélinni.

Stefndi byggir á því að ljósavélin sem Skipavík ehf. hafi keypt hafi að öllu leyti verið í samræmi við þær upplýsingar sem fram hafi komið í þessum samskiptum og skjölum, hvað gerð, eiginleika og gæði varði. Stefndi hafni því að hafa gefið aðrar eða meiri lýsingar um vélina en þar komi fram og andmæli sér í lagi þeim fullyrðingum

stefnanda að tekið hafi verið fram við samningsgerðina að vélin væri ný. Stefndi hafi veitt þær upplýsingar við tilboðsgerð að vélin væri til sem lagervara hjá birgja í Hollandi. Í því hafi sannarlega falist að vélin væri ónotuð, í upprunalegum umbúðum og að um nýsölu væri að ræða, en ekkert loforð um tiltekinn framleiðslutíma verði leitt af þessum upplýsingum enda hafi stefndi sjálfur ekki haft þær upplýsingar við söluna. Það sé með öllu ósannað að stefndi hafi vitað eða mátt vita um framleiðsluár vélarinnar, eða að honum hafi borið að afla þeirra upplýsinga fyrir söluna. Þá sé jafnframt ósannað að Skipavík ehf. eða stefnandi hafi á nokkurn hátt gefið það til kynna að það væri forsenda kaupanna að vélin væri framleidd eftir tiltekinn tíma, eða að hún hefði ekki legið á lager lengur en tiltekinn tíma, enda eigi það sér enga stoð í gögnum málsins.

Með vísan til þessa sé því hafnað að vélin hafi ekki verið í samræmi við upplýsingar sem stefndi hafi gefið við kaupin, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 50/2000, eða fullnægi ekki þeim kröfum sem leiði af samningi, sbr. 1. mgr. 17. gr. sömu laga, og þess þá heldur að stefndi hafi með sviksamlegum hætti leynt upplýsingum um eiginleika vélarinnar í því skyni að koma á samningi, sbr. 30. gr. laga nr. 7/1936.

Stefndi hafni því aukinheldur að aldur vélarinnar einn og sér leiði til þess að hún teljist haldin galla. Sem áður segi hafi engar yfirlýsingar verið gefnar af hálfu stefnda við kaupin um aldur vélarinnar. Þá hafi stefnandi ekki á nokkurn hátt sýnt fram á að vélin sé vegna þessa verðminni, lakari að gæðum, hafi síðri endingu, að auknar líkur séu á bilun eða sliti eða að hún sé á annan hátt í lakara ásigkomulagi en almennt megi búast við af sambærilegum söluhlut. Stefndi ítreki að um nýsölu hafi verið að ræða enda vélin hvorki verið gangsett né hreyfð úr upprunalegum umbúðum fyrir söluna. Stefnandi hafi engin gögn lagt fram né fært fyrir því nein haldbær rök að verðmæti, gæði eða ending véla af þessu tagi rýrni við þær aðstæður. Það sé því með öllu ósannað að vélin hafi við söluna ekki haft þá eiginleika sem kaupandi hennar hafi mátt búast við. Þá hafni stefndi því að það teljist sjálfstæður galli að ekki hafi verið gefið út sérstakt ábyrgðarskírteini við sölu vélarinnar, enda ósannað að nokkur venja eða skylda standi til slíks, en stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir þeim fullyrðingum sínum. Athugasemdir stefnanda sem varði meinta vanrækslu stefnda á að gefa út slíkt ábyrgðarskírteini hafi enga þýðingu við úrlausn málsins, enda óumdeilt að 12 mánaða ábyrgð seljanda á framleiðslugöllum, sem stefndi ábyrgðist ásamt NPS Diesel, hafi enn verið í gildi þegar vélin hafi bilað í mars 2020.

Hvað varði þá bilun sem upp hafi komið í olíuverki vélarinnar í mars 2020 sé ekki fyllilega ljóst hvað hafi orsakað hana. Skoðunarmaður hafi fyrst orðið þess áskynja

að gormur í ádreparaarmi olíuverksins væri of slakur, án þess að fyrir liggi hver orsök þess hafi verið. Fullyrðingar stefnanda um að þetta verði annaðhvort rakið til framleiðslugalla eða aldurs vélarinnar séu engum gögnum eða rökum studdar. Stefndi hafi engu að síður boðið strax fram úrbætur, sent skoðunar- og viðgerðaraðila á vettvang og greitt fyrir þjónustu hans, þantað varahlut frá birgja og sett sig í samband við umboðsaðila í Noregi sem gæti komið að viðgerð. Við nánari skoðun hafi virst sem eitthvað fleira kynni að vera að, þar sem í ljós hafi komið að magnstilling og ein dæla í olíuverkinu var mjög stíf. Stefndi hafi því viljað fá olíuverkið til sín til skoðunar, svo að hægt væri að ganga úr skugga um hvort um væri að ræða framleiðslugalla eða hvort olíuverkið hefði bilað af öðrum orsökum, t.a.m. vegna þess að sú olía sem notuð hefði verið á vélina væri ekki nægilega góð. Stefnandi hafi hins vegar komið í veg fyrir að stefndi fengi olíuverkið sent og kosið frekar að senda það til hins norska umboðsaðila Nogva Motorfabrikk AS til viðgerðar.

Stefnandi haldi því fram að sú viðgerð hafi ekki verið fullnægjandi og að enn hafi verið gangtruflanir í vélinni eftir hana. Ekkert liggi hins vegar fyrir um það annað en fullyrðingar stefnanda, þar sem stefnandi hafi hafnað allri frekari bilanagreiningu og skoðun á vélinni og engin gögn lagt fram um ástand hennar. Það liggi því ekkert fyrir um hugsanlega bilun eða galla á olíuverki ljósavélarinnar, annan en þann sem þegar hafi verið bætt úr. Enn síður sé neitt upplýst um orsakir þeirra meintu gangtruflana sem stefnandi telji hafa verið til staðar eftir viðgerð Nogva Motorfabrikk AS. Það sé þannig með öllu ósannað að bilun í vélinni verði rakin til aldurs hennar. Þá sé jafnframt ósannað að um sé að ræða framleiðslugalla, sem falli undir ábyrgð seljanda. Stefnandi hafi engan reka gert að því að færa sönnur á þetta og hafi raunar hindrað ítrekaðar tilraunir stefnda til að upplýsa um orsök og umfang bilunarinnar.

Með hliðsjón af öllu framangreindu sé því hafnað að vélin sé haldin galla, hvort heldur vegna aldurs eða vegna framleiðslugalla, sem geri það að verkum að hún henti ekki í þeim tilgangi sem henni var ætlaður eða sem sambærilegir hlutir séu notaðir til, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 50/2000.

Verði engu að síður talið að aldur vélarinnar eða bilun sú sem upp hafi komið í vélinni í mars 2020 leiði til þess að vélin teljist gölluð byggi stefndi á því að allt að einu sé hvorki heimilt að rifta samningi um kaup hennar, né séu forsendur til að krefjast skaðabóta. Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 50/2000 eigi seljandi rétt á að bæta úr galla á eigin kostnað eða afhenda nýjan hlut, sé það unnt án verulegs óhagræðis fyrir kaupanda.

Stefndi hafi gert ítrekaðar tilraunir til að koma við slíkum úrbótum, með því að koma í kring skoðun á vélinni, bilanagreiningu og viðgerð. Stefnandi hafi hins vegar neitað að afhenda stefnda olíuverk vélarinnar, svo að hægt væri að finna bilunina, staðreyna umfang hennar og meta hvort hægt væri að bæta úr henni með viðgerð eða hvort ný afhending væri nauðsynleg. Þá hafi stefndi verið í miklu og stöðugu sambandi við norska umboðsaðilann Nogva Motorfabrikk AS, sem einnig hafi ítrekað boðið fram þjónustu sína, eftir að stefnandi kvartaði yfir því að upphafleg viðgerð hefði ekki borið fullnægjandi árangur. Stefnandi hafi hins vegar hafnað öllum frekari úrbótum eftir að hann fékk olíuverkið afhent frá Nogva Motorfabrikk AS í lok júní eða byrjun júlí 2020. Með því hafi hann fyrirgert mögulegum rétti til riftunar, sbr. lokamálslið 1. mgr. 37. gr. áðurgreindra laga.

Með bréfi til stefnda, dagsettu 14. september 2020, hafi stefnandi lýst óánægju sinni með framleiðslualdur vélarinnar og krafist annaðhvort endurgreiðslu kaupverðsins eða nýrrar afhendingar. Stefndi hafni því að þetta bréf geti talist fullnægjandi riftunaryfirlýsing. Riftun sé ákvöð, sem ætlað sé að binda viðtakanda við móttöku. Í bréfi stefnanda hafi hins vegar tveimur kostum verið stillt upp, endurgreiðslu eða nýrri afhendingu, og gerð krafa um að stefndi veldi annan þeirra. Slíkt bréf geti með engu móti haft sambærileg réttaráhrif og riftun. Eftir móttöku bréfsins hafi stefndi svo ítrekað boð sitt um úrbætur, en jafnframt að fyrst yrði að ljúka bilanagreiningu svo að hægt væri að taka ákvörðun um það í hverju þær úrbætur skyldu felast. Forsenda þess að hægt sé að krefjast nýrrar afhendingar, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 50/2000, sé að galli sé verulegur. Það hafi því verið nauðsynlegt að upplýsa í hverju ætlaður galli kynni að vera fólgin svo að hægt væri að taka afstöðu til kröfu stefnanda um nýja afhendingu. Stefnandi hafi þó sem fyrr hafnað öllum úrbótum stefnda.

Þá sé það jafnframt forsenda riftunar, sbr. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 50/2000, að um verulega vanefnd sé að ræða. Stefndi hafni því að hugsanlegur galli sem kunni að hafa valdið bilun í olíuverki ljósavélarinnar geti talist veruleg vanefnd, eða í það minnsta að ekki hafi verið sýnt fram á að svo sé, enda hafi stefnandi staðið því í vegi að upplýst væri um eðli og umfang meintrar bilunar eða galla. Þá hafni stefndi því að framleiðsluár vélarinnar geti talist veruleg vanefnd, enda hafi stefnandi sem áður greini ekki fært nein rök fyrir því að vélin sé vegna þess lakari eða verðminni en sambærilegar vélar.

Því sé einnig alfarið hafnað að samningur stefnda og Skipavíkur ehf. sé ógildur, eða heimilt sé að rifta honum, með vísan til þess að stefndi hafi beitt svikum við

samningsgerðina. Stefndi hafi engar upplýsingar haft um framleiðsluár vélarinnar þegar kaupin hafi verið gerð, né hafi hann mátt vita um aldur vélarinnar. Þaðan af síður hafi hann yfirleitt getað vitað að það væri ákvörðunarástæða fyrir kaupunum að vélin væri ekki eldri en tiltekinnar árgerðar, enda hafi ekkert slíkt verið gefið til kynna af kaupanda vélarinnar við samningsgerðina. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að stefndi hafi haft slíka vitneskju og leynt henni, með þeim ásetningi að blekkja viðsemjanda sinn og fá hann til samningsgerðarinnar á fölskum forsendum. Stefnandi hafi engin gögn lagt fram sem renna nokkrum stoðum undir það.

Loks hafni stefndi því að nokkrar forsendur séu til að krefjast skaðabóta sem nemi hvort sem er kaupverði vélarinnar, kostnaði við að fjarlægja hana úr bátnum og koma annarri fyrir, eða hvoru tveggja. Fyrir það fyrsta hafi stefnandi ekki sýnt fram á neina saknæma háttsemi stefnda, sem leitt geti til skaðabótaskyldu. Þvert á móti hafi stefndi gert allt sem með réttu verði ætlast til, í því skyni að bæta úr hugsanlegum galla á ljósavélinni sem í ljós hafi komið við bilunina í mars 2020. Þá hafi stefnandi hvorki sýnt fram á að samningur um kaup á ljósavélinni hafi verið ógildur, eða að heimilt hafi verið að rifta honum vegna verulegra vanefnda stefnda, þannig að skilyrði séu til greiðslu vanefndabóta. Loks hafi stefnandi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni sem nemi kostnaði ljósavélarinnar og raunar engan reka gert að því að rökstyðja bótagrundvöll vegna þess kröfuliðar. Hvað varði kostnað við að fjarlægja vélina úr bátnum og koma þar fyrir nýrri vél, þá sé sá kostnaður kominn til vegna ákvarðana sem stefnandi hafi tekið einhliða, eftir að hafa ítrekað hafnað úrbótum stefnda. Það sé því engin orsakatengsl milli meintra galla á vélinni eða meintra vanefnda stefnda og þess kostnaðar.

Að endingu sé vaxtakröfu stefnanda mótmælt, bæði hvað varði vaxtafót og upphafstíma vaxta. Samkvæmt dómkröfu sé krafist skaðabótavaxta, sbr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 26. febrúar 2019, en það muni vera sá dagur þegar ljósavélin var afhent til Skipavíkur ehf., en dráttarvaxta frá 14. október 2020. Máltilbúnaður stefnanda miði allur að því að krafa um endurgreiðslu kaupverðsins byggist á heimild stefnanda til að rifta kaupsamningi. Stefndi hafni því að slík krafa beri vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001. Um vexti við endurgreiðslu kaupverðs í kjölfar riftunar sé fjallað í 2. mgr. 65. gr., sbr. 71. gr. laga nr. 50/2000, en í síðarnefnda ákvæðinu sé vísað almennt til ákvæða laga nr. 38/2000. Verði ekki annað skilið af framangreindum lagaákvæðum en að krafa sem þessi beri almenna vexti, sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi er greiðsla hafi

upphaflega verið innt af hendi. Hvað varði kröfu um bætur vegna kostnaðar við að fjarlægja ljósavélina og koma nýrri fyrir þá séu reikningar vegna þeirrar vinnu gefnir út í janúar og febrúar 2021. Dómkrafa stefnanda byggist á fjárhæðum samkvæmt þeim reikningum, umreiknuðum miðað við sölugengi norsku krónunnar 27. apríl 2021. Með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 geti sá kostnaður ekki borið vexti frá fyrri tímamarki. Loks sé upphafstíma dráttarvaxta andmælt, enda hafi fjárfrafa stefnanda fyrst verið sett fram með bréfi dagsettu 17. mars 2021.

Um lagarök vísar stefndi auk framangreinds til almennra reglna samningaréttar og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga, efndir fjárskuldbindinga og beitingu vanefndaúrræða og almennra reglna kröfuréttar um framsal kröfu. Þá vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 kröfu sinni um málskostnað til stuðnings.

#### IV.

##### *Niðurstaða*

Líkt og rakið er í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan eru tildrög þessa máls þau að árið 2018 gerði stefnandi samning við fyrirtækið Skipavík ehf. um kaup á bát sem Skipavík ehf. skyldi smíða. Hluta af þeim búnaði sem nota skyldi í bátinn keypti Skipavík ehf. af stefnda haustið 2018. Á meðal þess búnaðar var ljósavél sú af gerðinni NAGK 1105 MM1MC Nanni QMS7 sem ágreiningur málsaðila lýtur að. Umrædda vél keypti fyrirtækið Skipavík ehf. af stefnda líkt og framlagður reikningur, dagsettur 21. febrúar 2019, ber vott um og setti í þann bát sem fyrirtækið var á grundvelli framangreinds samnings með í smíðum fyrir stefnanda. Líkt og aukinheldur er rakið í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan kom síðan upp bilun í áðurgreindri ljósavél og hefur stefnandi með vísan til þess uppi tvíþætta fjárkröfu á hendur stefnda í máli þessu, annars vegar um endurgreiðslu á kaupverði vélarinnar og hins vegar um skaðabætur, einkum á þeim grundvelli að vélin hafi verið haldin galla í skilningi 17. og 18. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Sá galli hafi verið þess eðlis að um verulega vanefnd hafi verið að ræða og stefnanda því heimilt að rifta kaupunum samkvæmt 39. gr. sömu laga.

Svo sem fram kemur í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan var aðdragandi kaupa Skipavíkur ehf. á umþrættri ljósavél samkvæmt framlögðum tölvubréfasamskiptum sá að framkvæmdastjóri Skipavíkur ehf. hafði samband við stefnda og óskaði eftir tilboði í ljósavél. Hinn 14. desember 2018 sendi starfsmaður stefnda Skipavík ehf. tilboð í slíka vél af gerðinni Whisper Power M-SC 10 Marine og hinn 18. sama mánaðar tilboð í slíka vél af gerðinni Nanni QMS7.5M. Í tölvubréfi sem

fylgdi síðastgreindu tilboði kom fram að umrædd vél væri til á lager hjá birgja í Hollandi. Það tilboð var samþykkt og gaf stefndi út reikning til Skipavíkur ehf. að fjárhæð 1.360.450 krónur auk virðisaukaskatts hinn 21. febrúar 2019 sem Skipavík ehf. greiddi. Af þessu verður að mati dómsins ótvírætt ráðið að ekkert samningssamband var á milli stefnanda og stefnda heldur átti hvor þeirra um sig í samningssambandi við Skipavík ehf. Fær niðurlag framangreindrar yfirlýsingar um framsal, dagsett 4. mars 2021, engu breytt þar um enda fær það sem þar kemur fram hvorki stoð í öðrum framlögðum gögnum né skýrslutökum við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Hið sama gildir um aðkomu stefnda að málum eftir að umrædd ljósavél bilaði enda ágreiningslaust að hún var enn í ábyrgð þegar sú bilun varð. Með áðurgreindri yfirlýsingu um framsal var hins vegar krafa Skipavíkur ehf. á hendur stefnda „vegna galla í ljósavél sem keypt var í bát af gerðinni Spútnik 11,99 sbr. smíðasamning undirritaðan 1. október 2018“ framseld stefnanda. Verður stefndi þegar af þeirri ástæðu ekki sýknaður af kröfu stefnanda á grundvelli aðildarskorts líkt og hann gerir kröfu um heldur þarf óhjákvæmilega að leysa úr því hvort dómkröfur stefnanda verða reistar á umræddri yfirlýsingu um framsal.

Úrlausn um það hvort dómkröfur stefnanda verða reistar á áðurgreindri yfirlýsingu um framsal ræðst eðli máls samkvæmt af því hvort Skipavík ehf. átti við undirritun umræddrar yfirlýsingar kröfu á hendur stefnda á þar tilgreindum grundvelli og ef svo er hver sú krafa var enda gildir sú meginregla um framsal krafna að framsalshafi öðlast einungis þann rétt sem framseljandi átti og að jafnaði ekki meiri rétt. Hvorki verður af framlögðum gögnum né skýrslutökum fyrir dómi við aðalmeðferð málsins ráðið að nokkur samskipti hafi átt sér stað á milli Skipavíkur ehf. og stefnda vegna ætlaðs galla á umræddri ljósavél áður en fyrrgreind yfirlýsing um framsal var undirrituð 4. mars 2021 að því undanskildu að Skipavík ehf. sendi stefnda til upplýsingar afrit af bréfi stefnanda, dagsettu 10. febrúar 2021, þar sem stefnandi lýsti yfir riftun á þeim hluta samnings síns við Skipavík ehf. sem laut að áðurgreindri ljósavél. Þegar umrædd yfirlýsing um framsal var undirrituð hafði Skipavík ehf. því enga kröfu gert á hendur stefnda vegna ætlaðra vanefnda stefnda á kaupsamningi þeirra um umrædda ljósavél. Hvort Skipavík ehf. átti allt að einu slíka kröfu ræðst hins vegar óhjákvæmilega af því hvort umrædd ljósavél var haldin galla í skilningi 17. og 18. gr. laga nr. 50/2000 og hvort dómkröfur stefnanda verða reistar á umræddri yfirlýsingu um framsal á þeim grundvelli í grunninn af því hvort sá ætlaði galli hafi þá verið þess eðlis að um verulega vanefnd á kaupsamningi Skipavíkur

ehf. og stefnda hafi verið ræða sem heimili Skipavík ehf. riftun á kaupunum samkvæmt 39. gr. sömu laga.

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að umrædd ljósavél hafi verið haldin galla í skilningi 17. gr. laga nr. 50/2000. Samkvæmt 3. mgr. umræddrar greinar telst söluhlutur gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr. sömu greinar. Samkvæmt 1. mgr. skal söluhlutur hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi. Samkvæmt b-lið 2. mgr. sömu greinar sem stefnandi byggir öðrum fremur á skal söluhlutur svo ef annað leiðir ekki af samningi henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess. Stefnandi ber eðli máls samkvæmt sönnunarbyrði fyrir því að umrædd ljósavél hafi ekki uppfyllt áðurgreindar kröfur.

Líkt og rakið er í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan kom upp bilun í téðri ljósavél í byrjun mars 2020 en hún hafði þá samkvæmt framlögðum gögnum og því sem fram kom við skýrslutökur við aðalmeðferð málsins fyrir dómi verið keyrð í 200 klukkustundir. Gerð er grein fyrir þeirri atburðarás sem í hönd fór sem og framlögðum tölvubréfasamskiptum í tilefni af umræddri bilun í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan en ágreiningslaust er að vélin var enn í ábyrgð þegar hún varð. Svo sem þar kemur fram hlutaðist stefndi til um það í samráði við Nogva Motorfabrikk AS, umboðs- og þjónustuaðila Nanni véla í Noregi, að fá A vélvirkja til að bilanagreina vélina og eftir atvikum gera við hana og pantaði viðeigandi varahlut að þeirri bilanagreiningu lokinni. Af framlögðum gögnum má svo ráða að á meðan beðið var eftir þeim varahlut hafi vaknað grunur um að frekari bilanagreiningar á olíuverki vélarinnar væri þörf og því hafi stefndi með tölvubréfi, dagsettu 24. apríl 2020, óskað eftir því að áðurgreindur A sendi olíuverk vélarinnar með hraðpósti til Íslands til frekari greiningar að því leyti og eftir atvikum viðgerðar. Stefndi ítrekaði þá ósk með tölvubréfi, dagsettu 12. maí 2020. Sama dag upplýsti stefnandi hins vegar stefnda með tölvubréfi að hann hefði afráðið að senda olíuverk vélarinnar frekar á verkstæði Nogva Motorfabrikk AS. Ágreiningslaust er að ekki var haft samráð við stefnda um þá ráðstöfun. Þar var samkvæmt tölvubréfi, dagsettu 16. febrúar 2021, skipt um tiltekinn gorm í olíuverki vélarinnar og það svo sent aftur til stefnanda. Í tengslum við þá viðgerð var skráningarnúmeri vélarinnar flett upp og kom þá í ljós að vélin var framleidd árið 2011. Ágreiningslaust er að stefnandi bar engan

kostnað af bilanagreiningu vélarinnar og framangreindri viðgerð. Með tölvubréfi, dagsettu 2. júlí 2020, upplýsti stefnandi svo stefnda um að vélin gengi „mjög skringilega“ þrátt fyrir áðurgreinda viðgerð. Af framlögðum tölvubréfasamskiptum má svo ráða að þá mánuði sem í hönd fóru hafi verið leitað eftir heimild stefnanda til að senda vélvirkja um borð til frekari bilanagreiningar og eftir atvikum viðgerðar en stefnandi ekki orðið við þeim umleitunum. Engin gögn liggja frammi í málinu um ástand vélarinnar eftir framangreinda viðgerð á verkstæði Nogva Motorfabrikk AS.

Stefnandi virðist byggja á því að sú staðreynd að umrædd ljósavél bilaði eftir að hafa verið keyrð í 200 klukkustundir sem og sú staðreynd að vélin var framleidd árið 2011 feli einar og sér í sér fullnægjandi sönnun um að vélin hafi ekki fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru í 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 50/2000 og því teljist vélin gölluð samkvæmt 3. mgr. sömu greinar. Á það verður ekki fallist enda liggur ekkert óyggjandi fyrir í máli þessu um orsök þeirrar bilunar sem upp kom eða hvort framleiðsluár vélarinnar hafi haft einhverja þýðingu í því sambandi eða varðandi gæði hennar eða eiginleika að öðru leyti og hefur stefnandi ekki á nokkurn hátt leitast við að sýna fram á ætlaðan galla eða umfang hans með dómkvaðningu matsmanns eða á annan fullnægjandi hátt. Þá liggur sem fyrr greinir ekkert fyrir um ástand vélarinnar eftir áðurgreinda viðgerð annað en fullyrðingar stefnanda eða um orsök meintra gangtruflana. Þessu til viðbótar verður ekki framhjá því litið að málalíbúnaður stefnanda um þetta atriði er að öðru leyti verulega óskýr. Líkt og að framan er rakið er ótvírætt að ekkert samningssamband var á milli stefnanda og stefnda heldur átti hvor þeirra um sig í samningssambandi við Skipavík ehf. Efni samnings stefnanda við Skipavík ehf. getur því ekki með nokkru móti haft áhrif á það hvort umrædd ljósavél fullnægði þeim kröfum sem leiddu af kaupsamningi stefnda við Skipavík ehf. og liggur ekkert annað fyrir um þann samning eða aðdraganda hans en áðurgreind tölvubréfasamskipti í tengslum við tilboð stefnda til Skipavíkur ehf. og sá reikningur sem stefndi gaf út og Skipavík ehf. greiddi. Er því að mati dómsins með öllu ósannað að umrædd ljósavél hafi verið haldin galla í skilningi 17. gr. laga nr. 50/2000.

Stefnandi byggir í öðru lagi á því að umrædd ljósavél hafi verið haldin galla í skilningi 1. mgr. 18. gr. laga nr. 50/2000. Samkvæmt þeirri málsgrein gilda reglur um galla einnig þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi við

kaupsamningsgerð um umrædda ljósavél veitt rangar upplýsingar um aldur hennar og hún því haldin galla í skilningi 1. mgr. 18. gr. Hún hafi verið seld sem ný vél en hafi í reynd verið framleidd árið 2011. Líkt og að framan er rakið liggur ekki annað fyrir um kaupsamning stefnda og Skipavíkur ehf. eða aðdraganda hans en tölvubréfasamskipti í tengslum við tilboð stefnda til Skipavíkur ehf. og sá reikningur sem stefndi gaf út og Skipavík ehf. greiddi. Hvorki í þeim tölvubréfasamskiptum né umræddum reikningi er nokkuð tiltekið um framleiðsluár vélarinnar og það eina sem kemur fram sem eitthvað getur gefið til kynna í því sambandi er að vélin sé til á lager hjá birgja í Hollandi en af því má eðli máls samkvæmt ráða að hún hafi ekki verið framleidd sérstaklega í tengslum við umræddan kaupsamning. Í aðilaskýrslu þess fyrirsvarsmanns stefnda sem annaðist samningsgerðina við Skipavík ehf. fyrir dómi kom fram að honum hefði ekki verið kunnugt um framleiðsluár vélarinnar sem og að það tíðkaðist raunar ekki í viðskiptum af þessum toga að afla eða veita þær upplýsingar. Um hefði verið að ræða vél sem til var á lager hjá birgja í Hollandi og algengt væri að vélar lægju hjá birgjum í lengri eða skemmri tíma áður en þær væru seldar. Þá kom fram í vitnisburði Ed Hes, starfsmanns NPS Diesel í Hollandi, við aðalmeðferð málsins fyrir dómi að hann minntist þess ekki að hafa upplýst stefnda sérstaklega um framleiðsluár vélarinnar. Algengt væri að vélar lægju hjá birgjum um árabil og að slíkt hafi engin áhrif á gæði þeirra eða eiginleika að öðru leyti. Um nýja vél hafi allt að einu verið að ræða sem ekki hefði verið gangsett áður. Samkvæmt framansögðu er ekkert sem gefur til kynna að stefndi hafi veitt einhverjar upplýsingar um aldur umræddrar ljósavélar við kaupsamningsgerð um hana eða að stefndi hafi yfirhöfuð búið yfir upplýsingum um framleiðsluár vélarinnar eða að hún hafi að einhverju öðru leyti ekki svarað til þeirra upplýsinga sem stefndi gaf um hana, eiginleika hennar eða notkun. Er því að mati dómsins einnig ósannað að umrædd ljósavél hafi verið haldin galla í skilningi 1. mgr. 18. gr. laga nr. 50/2000.

Samkvæmt þessu er að mati dómsins ósannað að umrædd ljósavél hafi verið haldin galla í skilningi 17. gr. eða 1. mgr. 18. gr. laga nr. 50/2000 og þegar af þeirri ástæðu ekki uppfyllt það grunnskilyrði fyrir riftun samkvæmt 39. gr. sömu laga að meta megi galla til verulegra vanefnda. Þá liggur ekkert fyrir um að stefndi hafi á einhvern hátt vanefnt kaupsamning sinn við Skipavík ehf. að öðru leyti, jafnvel þótt krafa á öðrum grundvelli en þar er tilgreindur yrði talin rúmast innan áðurgreindrar yfirlýsingar um framsal. Koma því fjárkröfur stefnanda um annars vegar endurgreiðslu á kaupverði umræddrar ljósavélar og hins vegar skaðabætur, sem byggðar eru á 30. gr. laga nr.

50/2000, sbr. einnig ákvæði IX. og X. kafla sömu laga, ekki til frekari skoðunar. Loks er þeirri málsástæðu stefnanda að kaupsamningur stefnda og Skipavíkur ehf. sé óskuldbindandi á grundvelli 1. mgr. 30. gr. laga nr. 7/1936 hafnað enda ekkert fram komið sem gefur til kynna að stefndi hafi beitt svikum við þá samningsgerð. Þá er aukinheldur með öllu órökstutt hvernig dómkröfur stefnanda verða á þeirri málsástæðu reistar.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda. Að virtum úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem þykir að virtu eðli og umfangi máls og með hliðsjón af þeim ágreiningsefnum sem leidd hafa verið til lykta undir rekstri þess og úrlausn þeirra hæfilega ákveðinn 1.250.000 krónur.

Hulda Árnadóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Fyrir uppkvaðningu hans var fyrirmæla 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 gætt.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Aflhlutir ehf., er sýknaður af dómkröfum stefnanda, Jakobsen Fisk AS.

Stefnandi greiði stefnda 1.250.000 krónur í málskostnað.

Hulda Árnadóttir